

GJALDSKRÁ **félagslegrar heimaþjónustu**

1. gr.

Þjónustupegar greiða fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf.
Önnur þjónusta er gjaldfrjáls.

2. gr.

Gjald fyrir heimaþjónustu er reiknað út frá launataxta Einingar Iðju 128 að viðbættu 6% persónuálagi, 13,04% orlofi og 25% launatengdum gjöldum og uppfærast 1. janúar ár hvert.

Gjöld eru sem hér segir:

Heimaþjónusta 4.935 kr./klst.

Gjald fyrir matarbakka 1.200 kr. stk.

3. gr.

Afsláttur er veittur af gjaldi heimaþjónustu miðað við tekjur þjónustupega.

Tekjumörk eru ákvörðuð út frá framfærsluviðmiðum Tryggingastofnunar í ágúst ár hvert, þar sem þeir sem hafa tekjur undir framfærsluviðmiðum ásamt heimilissuppbót greiða ekki fyrir heimaþjónustu. Viðmiðunartekjur fyrir hjón og sambúðarfólk er hið sama og fyrir einstaklinga margfaldað með 1,5. Þeir sem hafa tekjur að 50% yfir viðmiðunartekjur greiða $\frac{1}{3}$ af gjaldi, þeir sem hafa tekjur að 75% yfir viðmiðunartekjum greiða $\frac{1}{2}$ af gjaldi og þjónustupegar með tekjur umfram það njóta ekki afsláttar.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Fyrir einstaklinga

a) með tekjur allt að	kr. 5.224.056,-	100% afsláttur
b) með tekjur á bilinu	kr. 5.224.057,- til 7.836.084,-	66% afsláttur
c) með tekjur á bilinu	kr. 7.836.085,- til 9.142.099,-	50% afsláttur

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk

a) með tekjur allt að	kr. 7.836.084,-	100% afsláttur
b) með tekjur á bilinu	kr. 7.836.085,- til 11.754.125,-	66% afsláttur
c) með tekjur á bilinu	kr. 11.754.126,- til 13.713.148,-	50% afsláttur

Árlega er kallað eftir tekjuupplýsingum. Kjósi þjónustubegar af einhverjum ástæðum að skila ekki inn tekjuupplýsingum fyrir tilskilinn tíma greiða þeir fullt gjald. Berist gögn eftir tilskilnn frest tekur breyting gildi næsta mánuð á eftir. Þjónustubegi skal tilkynna breytingar á höfum sínum.

4. gr.

Gjöld eru innheimt mánaðarlega, í næsta mánuði eftir að þjónusta er innt af hendi.

Samþykkt á 162. fundi sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 28. nóvember 2025.



Þórunn Sif Harðardóttir, sveitarstjóri

